— Norden —

Hérsá föðurgimm Crook kom 11. þ. m. til Tucson, Ariz með hjer um bil 400 fanga af Apa ætt Indverjum, þar á meðal 2 alþekta fyrirliða þeirra Loco og Mana, sem áður voru sagðir dánir. Crook vann hinn frægasta sigur án þess að missa nokkurn af sínum mönnum og eins og sjá má af skeytum hans, hefir hann 15. þ. m. komist að Indverjunum ovörum í skarði nokkru í Sierra Madres, og eptir eins dags orrustu þrengdi hann þeim til að gefast upp og tók allt, sem þeir höfðu meðferðis bæði hernaðar áhöld og peninga.

Eg hlýt þegar að minna menn um að líta á „Leif." Frá því fyrsta númer kom út af blaðinu „Leif" hefir óbeðið utanáskript til mín staðið neðst á þriðja dálki á síðasta blaðsíðu hvers númers. Í 5. No. „Leifs" minti jeg menn á að taka eptir þeirri utanáskript og nota hana. og eg hlýt nú að gjöra það sama, þar nýjer eru einlægt að koma hjá fólki, er jeg fyrir vitlausa utanáskript fæ ekki fyr en 2-3 vikum seinna, en jeg geti fengið þau, ef þeir vilja nota hina rjettu er stendur í „Leifi." Ritst.

Leiðrjettingar.

I 6. nr. 1. v. o. hefir misprentast í síðasta blaði „Heyrði jeg í hljóði," fyrir „Hyrði eg þá í hljóði".

I 6. númeri blaðsins „Leifs" er þess getið að ágóði af hlutaveltu þeirri, er kvennfjelagið hjelt, hefði verið $ 31.15 cents en það voru að eins $ 28.00.

Númera tala var 145, sem gjöra $ 36,25 með 25 cents dráttar eirir: eitt númer gekk af en útkostnað gengu $ 8,00. Þess utan komu inn í samskotum fyrir leikin $ 3,25 og örum vjer leikendum mjög þakklátar, er bæði nú og áður hafa svat góðan vilja á að greiða götu vora.

Winnipeg 26. júní 1883.

Hið íslenzka kvennfjelag.

VIKU-BLAÐIÐ LEIFUR,
kostar 2. í Ameríku og 8 kr. í Evrópu. sölul. ⅓
EIGANDI RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR.
H. JÓNSSON.
WINNIPEG. MAN.
No. 142 NOTRE DAME ST. WEST.